

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi numdar 1.—5. gr. laga nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Þar til sett hafa verið ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna, fer um gjald til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.

Gjört í Reykjavík, 6 marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verið hærrí en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærrí en innlánsvextirnir voru.

10. gr. 2. málgr. 3. töluliður orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunar-sjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.

Gjört í Reykjavík, 6 marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.